

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 1/1992.

BSRB f.h.
Fóstrufélags Íslands,
Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi,
Starfsmannafélags Akraness,
Starfsmannafélags Neskaupstaðar,
Ljósmaðrafélags Íslands,
Starfsmannafélags ríkisstofnana,
Félags íslenskra símamanna,
Sjúkraliðafélags Íslands,
Starfsmannafélags Húsavíkur,
Starfsmannafélags Keflavíkur,
Starfsmannafélags Sauðárkróks,
Starfsmannafélags Siglufjarðar,
Starfsmannafélags Vestmannaeyja,
Félags opinberra starfsmanna Austurlandi,
Félags opinberra starfsmanna Húnavatnssýslum,
Félags opinberra starfsmanna Vestfjörðum og
Starfsmannafélags Akureyrarbæjar

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Verkfallsheimild.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Valtýr Sigurðsson.

Málið, sem dómtekið var 10. mars sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 28. febrúar 1992 og þingfestri 24. mars 1992. Það var að ósk lögmannna aðila að málinu var frestað frá 28. apríl 1992 og þar til í janúar 1993.

Stefnendur eru stéttarfélag þau, sem tilgreind eru í heiti málsins, en Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Grettisgötu 89, Reykjavík fer með málið í umboði þeirra fyrir dóminum.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Undir rekstri málsins gerðu aðilar með sér sátt sem m.a. felur í sér samkomulag um það að á skrá um forstöðumenn stofnana og

staðgengla þeirra sem óheimilt er að gera verkfall skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986, og birt var sem auglýsing nr. 28 í B deild Stjórnartíðinda þann 23. janúar 1992, að í stað orðanna „Tilraunastöðvar RALA“ „bústjórar“ komi „Tilraunastöðin Hesti, Borgarfirði“ „bústjóri“ og orðin „Húsameistari ríkisins“ „skrifstofustjóri“ falli niður.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru:

Að eftirtaldar breytingar verði gerðar á „skrá skv. 2. mgr. 19. gr. 1. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna“, sem birt var sem auglýsing nr. 27 í B deild stjórnartíðinda sem út kom 23. janúar 1992. Breytingin feli í sér að undirstrikuð orð undir „starf“ falli út:

Stofnun.

Tilraunastöð HÍ að Keldum.
Rannsóknarmaður (1) (SFR).
 Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.
 Fæðinga- og kvensj.deild.

Handl. og bæklunard.

Lyflækningadeild.

Fjarskiptasvið.
 Barnaheimili.
 Skóladagheimili.
 Póst- og símamálastofnun,
mælistofu Landsímans (FÍS).

Umsýslusvið.
 Umdæmi I.

Umdæmi IV.

Starf/félag.

Framl. og dreifing lyfja.

Öryggisverðir (SFR).

Sjúkraliðar (2) (STAK). Þess er krafist að 2 sjúkraliðar verði á morgunvakt, en 1 á kvöld- og næturvakt.

Sjúkraliðar (3) (STAK). Verði 3 sjúkral. á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.

Sjúkraliðar (3) (STAK). Verði 3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.

Starfsmenn.

Fóstra (FÍ/STAK).

Fóstra/starfsmaður (STAK).

Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar (FÍS).

Starfsmenn radióflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi (FÍS).

Varðstjóri talsímaafgreiðslu á Egilsstöðum.(FÍS).

Starfsmenn strandarstöðvar Neskaupstað (FÍS).

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru:

Að þeim þætti í dómkröfum stefnanda er lítur að starfsheitunum:

Tilraunastöð HÍ að Keldum.

Framl. og dreifing lyfja

Rannsóknarmaður (1) (SFR).

og

Barnaheimili.

Fóstra (FÍ/STAK).

verði vísað frá dómi.

Verði frávisunarkrafan ekki tekin til greina er krafist sýknu af þessum kröfuliðum og öðrum kröfum stefnanda eins og þær liggja fyrir í nýrri kröfugerð hans, með þeim undantekningum er hér greinir:

Stefndi fellst á, að auglýst verði störf á þrem tilteknum legudeildum við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eins og stefnandi gerir kröfu um.

Þá fellst stefndi á að fella af auglýstri skrá eftirtalin starfsheiti:

Skóladagheimili.

Fóstra/starfsmaður (STAK).

Póst- og símamálastofnun.

Fjarskiptasvið.

Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar (FÍS).

Umsýslusvið.

Umdæmi IV.

*Varðstjóri talsímaafgreiðslu á Egilsstöðum (FÍS).
Starfsmenn strandarstöðvar í Neskaupsstað (FÍS).*

Stefndi krefst þess að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Ágreiningur aðila er þá í fyrsta lagi um frávisunarkröfu stefnda að því er varðar Tilraunastöð HÍ að Keldum.

Framl. og dreifing lyfja

Rannsóknarmaður (1) (SFR).

og

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri

Fóstra (FÍ/STAK).

barnaheimili.

Í öðru lagi er efniságreiningur um:

Flugstöð Leifs Eiríkssonar,

öryggisverði,

Starfsmenn Póst- og

símamálastofnunar.

Fjarskiptasvið

starfsmenn mælistofu Landsímans.

Umsýslusvið.

Umdæmi I.

starfsmenn radíóflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi.

Þá er efniságreiningur um þá þætti málsins sem krafist var frávísunar á, verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Aðild málsins og form.

Stefnandi segir málið eiga undir Félagsdóm skv. 2.mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Aðiljasamlag sé sóknarmegin enda öll félögin sem standa að málinu innan BSRB. Stefndi hefur samþykkt aðiljasamlagið.

Lögmenn aðila eru því samþykkir að fjallað sé í einu lagi um frávísunarkröfur stefnda og efniskröfur í málinu.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að opinberir starfsmenn hafi heimild til verkfalls. Undantekningar frá þeirri aðalreglu verði að styðjast við sérstakan rökstuðning frá stefnda, ef andmæli séu sett fram af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

Samkvæmt orðalagi 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 skuli fjármálaráðherra birta skrár um störf sem undanskilin eru verkfallsheimild og andmæli gegn breytingum á skránum skuli borin fram fyrir 1. mars sama ár og ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm. Stefnandi hafi að þessu sinni lagt fram andmæli sín í formi stefnu málsins innan áskilinna tímamarka. Andmælin hafi ekki einungis náð til atriða sem breyst hafa frá síðustu skrá, heldur varði þau að hluta atriði sem jafnframt hafi verið á skránni 1991. Reyni því sjálfstætt á það í þessu máli, hvort andmælarétturinn sé bundinn við breytingar á skrá, þar sem stefndi hafi lýst því yfir við stefnanda að hann muni bera fyrir sig að andmælaréttur stefnanda nái einungis til breytinganna. Samkvæmt dómi Félagsdóms í máli nr. 1/1990 hafi andmælaréttur við skrá skv. 29. gr. laga nr. 38/1954 ekki verið bundinn við breytingar. Sömu rök eigi við í þessu máli þrátt fyrir mismun á orðalagi 19. gr. laga nr. 94/1986 og 29. gr. laga nr. 38/1954.

Auglýsingin sé óbreytt varðandi rannsóknarmenn við framleiðslu og dreifingu lyfja á Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Þessir starfsmenn séu nú sem fyrr félagsmenn í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Að mati stefnanda falla störf rannsóknarmannanna ekki undir nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilsupjónustu.

Fóstra á barnaheimili Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Það starf var á síðasta lista, en þá hafi félagsmaður í Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar gegnt starfinu. Nú sé starfsmaðurinn í Fóstrufélagi Íslands. Stefnandi telur að jafnvel þótt talið sé að almennt verði ein-

ungis komið að andmælum við breytingum á lista, þá geti slíkt ekki gilt þegar nýtt stéttarfélag fær andmælaréttinn vegna breytinga á stéttarfélagsaðild. Umrædd fóstura, sem sé félagsmaður í Fóstrufélagi Íslands, hafi tekið við starfi í júní 1991. Rekstur barnaheimilis telst að mati stefnanda ekki til nauðsynlegustu heilsugæslu.

Stefnandi telur að með því að fá dóm Félagsdóms um þessi tvö tilvik ætti að skapast skýrari línur um takmörk andmælaréttar stéttarfélaganna gegn birtum skráum.

Í öllum öðrum tilvikum sem andmælt er hafi stefndi einhliða breytt síðasta lista án þess að stefnandi fallist á að þar sé um nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu að ræða. Samkvæmt dómi Félagsdóms í málinu nr. 1/1990 þurfi stefndi að sýna fram á réttmæti breytinganna þegar andmæli séu borin fram. Félagsdómur taki svo afstöðu til andmællanna á grundvelli þeirra gagna sem stefndi geti lagt fram til stuðnings því að um nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu sé að ræða.

Pau störf sem andmælt er að séu á listanum teljist ekki til nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu. Ekki nægi að starf sé nauðsynlegt í þessu sambandi því lögin áskilji að einungis allra nauðsynlegustu störf séu undanskilin verkfallsheimildinni, eins og sjáist af orðalagi 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, þar sem orðið nauðsynlegur sé notað í hástigi. Í þessu sambandi undirstrikar stefnandi einnig að verkfallsrétturinn sé almenna reglan og því beri að túlka undantekningar frá honum þröngri lögskýringu. Við þetta mat beri einnig að líta til öryggisreglunnar í 20. gr. laganna, sbr. 21. gr., sem heimili að verkfallsmenn séu kallaðir til starfa tímabundið til þess að afstýra neyðarástandi.

Jafnframt er því haldið fram af hálfu stefnanda að hin auglýsta skrá sé um margt óljós en markmið með birtingu lista hljóti að vera það að tilgreina sem nákvæmlegast hver störf skuli unnin þrátt fyrir verkfall. Þannig að starfsmönnum sé ljóst í upphafi verkfalls hvort þeir hafi vinnuskyldu eða ekki. Hin birta skrá sé í heild sinni ekki skrá um störf eins og áskilið sé í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 heldur að verulegu leyti upptalning á starfsemi sem stefnandi telji nauðsynlega komi til verkfalls. Þá sé víða tilgreindur tiltekinn fjöldi starfsmanna af mörgum án þess að mögulegt sé að sjá hverjir starfsmannanna skuli undanskildir verkfallsheimild.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er frávísunarkrafa sem varðar rannsóknarmenn við Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum og fóstru við barnaheimili FÁS rökstudd með vísan til 3. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Samráð það sem ráðgert sé í þessu lagaákvæði hafi þróast þannig, að starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis tilkynni viðkomandi stéttarfélögum þær breytingar sem fyrirhugaðar séu á hverjum tíma. Einstök stéttarfélög eigi rétt á að andmæla breytingum á skrá og sé þeim sett tímamark til 1. mars sama ár til þess að koma þeim á framfæri. Ljóst sé að hér sé viðkomandi stéttarfélögum settur tíma-bundinn frestur til andmæla og eftir atvikum málshöfðunar, en þann rétt hafi þau, í þeim tilvikum sem hér er fjallað um, ekki kosið að nota og beri því að vísa kröfum stefnanda frá að þessu leyti. Á það er einnig bent, að Félagsdómur skeri eingöngu úr ágreiningi um „breytingar“, en hér sé ekki um þær að ræða.

Varðandi fóstru á barnaheimili Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er tekið fram, að í janúar 1991 þegar stefndi leitaði umsagnar STAK um þessi stöðu hafi starfinu gegnt félagsmaður í því félagi og hafi því ekki komið til álita að leita umsagnar Fóstrufélags Íslands. Stefndi telur að þegar starf hefur verið auglýst eftir að leitað hefur verið umsagnar viðkomandi stéttarfélags þurfi ekki að leita eftir umsögn hjá öðru stéttarfélagi ári eða árum seinna vegna þess að félagsmaður í öðru stéttarfélagi kunni að hafa tekið við því. Stefndi hafi engin tók á að fylgjast með breytingum sem verða á félagsaðild manna í tilteknum störfum, enda verði að ætlast til að stéttarfélögin bindi hvert annað innbyrðis að þessu leyti.

Umboðsmaður stefnda telur tilvísun af hálfu stefnanda í dóm Félagsdóms í málinu nr. 1/1990 haldslausa þar sem í því máli hafi verið dæmt um ágreining um skrá skv. 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. lög nr. 90/1986, og tekið fram að í 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1986, sé ekki ákvæði um takmörkun á andmælarétti gagnvart gildandi lista.

Ef frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina er sýknukrafan rökstudd með sömu rökum og sett voru fram til stuðnings kröfu um frávísun. Jafnframt er sýknukrafa rökstudd með vísan til þeirrar nauðsynjar að starfrækja barnaheimili fyrir það fólk sem vinni í verkfalli. Ef þessi þjónusta sé ekki til staðar, sé ekki heldur

hægt að halda uppi þeim störfum sem annars sé samkomulag um að unnin séu í verkfalli.

Telji dómurinn að stéttarfélag eigi rétt á að fá skorið úr ágreiningi um störf sem birt hafa verið á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, enda þótt ekki sé um breytingar frá fyrri skrá að ræða, er sýknukrafa rökstudd með því að störfin falli undir 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Vegna kröfu stefnanda varðandi Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, framleiðslu og dreifingu lyfja, er af hálfu stefnda bent á bréf starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis til Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum, dags. 22. apríl 1992, og svarbréf Tilraunastöðvarinnar. Umboðsmaður stefnda telur að í svarbréfi komi fram rökstuðningur sem taki af tvímæli um að starfsemi þessi sé réttilega auglýst skv. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986.

Af hálfu stefnda er vísað til framlagðra bréfa varðandi mótmæli við því að fella öryggisverði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar af listanum.

Kröfur stefnda vegna Póst- og símamálastofnunar eru rökstuddar með því að Félag íslenskra símamanna hafi með bréfi sínu, dags. 22. janúar 1992, firtt sig rétti til þess að gera í stefnu kröfu um breytingar á auglýstri skrá, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um brottfall starfsheita hjá Pósti og síma. Þar fyrir utan er því haldið fram, að öll umrædd störf heyri til nauðsynlegustu öryggisgæslu skv. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og beri því að sýkna stefnda.

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 varðandi Fjarskiptasvið, starfsmenn mælistofu Landssíma Íslands, sé ekki efnisbreyting frá fyrri auglýsingu. Í fyrri auglýsingu hafi verið tilgreindir „yfirdeildarstjóri mælistofu“ og „rafeindavirkjameistarar gervihnattafjarskipti, mælaborð“. Undir auglýsinguna eins og hún nú er falli aðeins 2 starfsmenn sem eru innan FÍS og beri þeir starfsheitin yfirdeildarstjóri og rafeindavirkjameistari.

Vegna kröfu stefnanda varðandi Umdæmi I, starfsmenn radióflughjónustu og strandstöðvar í Gufunesi, er því haldið fram af hálfu stefnda, að í eldri auglýsingu hafi störf á þessum deildum verið talin upp hvert um sig undir Radióflughjónustu í Gufunesi og Strandstöðvardeildina Gufunesi. Við þau störf sem þar voru talin hafi verið bætt 2 fulltrúum sem séu til aðstoðar við starfsemina og vinni úr ýmsum gögnum sem unnin séu á staðnum.

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið beinist frávísunarkrafa stefnda að starfsheitunum, rannsóknarmaður við framleiðslu og dreifingu lyfja á Tilraunastöð HÍ að Keldum og fóstra á barnaheimili Fjórðungs-sjúkrahúsins á Akureyri.

Þrátt fyrir að andmæli hafi ekki komið fram við birtingu fyrir auglýsinga að því er varðar þessa starfsmenn, verður ekki talið girt fyrir það að stefnendur geti nú borið fram andmæli vegna starfsmanna, sem þar voru teknir á lista og eru enn á nágildandi skrá. Túlka verður andmælarétt stefnanda á þann veg, að þegar ný skrá kemur fram skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, gefist aðilum almennt kostur á að koma fram andmælum gegn skránni. Ágreining um breytingu má leggja fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

Hvað varðar fóstru á barnaheimili Fjórðungs-sjúkrahúsins á Akureyri er fram komið að hér er um nýtt stéttarfélag að ræða.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið og þegar til þess er litið að stefnandi á lögvarða hagsmunum af því að fá úr því skorið hvort tilgreining þessara starfsheita á auglýsingu nr. 27/1992 er í samræmi við lög eða ekki, þá þykir bera að hafna frávísunarkröfu stefnda.

Verður því fjallað efnislega um starfsheiti þessi hér á eftir.

Með lögum nr. 94/1986 var lögfest sú meginregla að þeim starfsmönnum ríkisins sem lögin taka til sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum einum sem tiltekna eru í lögum. Af því leiðir að ákvæði um undantekningar frá þessari meginreglu lúta þrengjandi lögskýringu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 er stéttarfélagum, sem eru samningsaðilar samkvæmt lögunum, heimilt að gera verkfall og samkvæmt 18. gr. laganna tekur það til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitanda, sem verkfall beinist gegn, nema þeim sé óheimilt að gera verkfall samkvæmt lögunum. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna er þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu óheimilt að gera verkfall. Fjármálaráðherra og sveitarfélög skulu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna birta skrá um störf þau sem m.a. falla undir 3. tl. 1. mgr. sömu greinar, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélag.

Par sem undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúta samkvæmt framansögðu þrengjandi lögskýringu, verður tilgreining á skrá samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laganna að vera ótvíræð þannig að ekki leiki vafi á við hvern er átt.

Í auglýsingu samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 ber að tilgreina þau störf sem falla undir ákvæði 3. tl. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt er að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess að ákveðinni starfsemi eigi að sinna þrátt fyrir verkfall.

Verður nú fjallað um einstök starfsheiti.

Tilraunastöð HÍ að Keldum.

Framl. og dreifing lyfja.

Rannsóknarmaður (1).

Þegar litið er til þess sem fram er komið um eðli starfs þessa eins og því er lýst í framlögðum gögnum, þá verður ekki talið að það falli undir nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Öryggisverðir.

Tilgreining þessi í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall samkvæmt auglýsingunni né hvaða störfum þeir gegna. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að störf þessi falli undir nauðsynlegustu öryggisþjónustu, sbr. 3. tl. 19. gr. laganna. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Fæðinga- og kvensj.deild.

Sjúkraliðar (2). Þess er krafist að 2 sjúkraliðar verði á morgunvakt en 1 á kvöld- og næturvakt.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda og þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Handl.- og bæklunard.

Sjúkraliðar (3). Verði 3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda og þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Lyflækningadeild.

Sjúkraliðar (3). Verði 3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.

Stefndi hefur fallist á kröfu stefnanda og þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Barnaheimili.

Fóstra.

Ekki verður á það fallist að starf þetta falli undir nauðsynlegustu öryggis- og heilbrigðisþjónustu sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 og ber því að falla tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni.

Skóladagheimili.

Fóstra/starfsmaður.

Stefndi hefur fallist á að fella starfsheiti þetta af auglýstri skrá. Þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Póst og símamálastofnun.

Fjarskiptasvið.

Starfsmenn mælistofu Landssímans.

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall samkvæmt auglýsingunni né hvaða störfum þeir gegna. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að störf þessi falli undir nauðsynlegustu öryggisþjónustu, sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni enda verður ekki á tómlætissjónarmið stefnda fallist.

Fjarskiptasvið.

Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar.

Stefndi hefur fallist á að fella starfsheiti þetta af auglýstri skrá. Þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Umsýslusvið.

Umdæmi I.

Starfsmenn radióflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi.

Tilgreining í auglýsingu nr. 27/1992 vísar hvorki til þess hvaða starfsmönnum er óheimilt að fara í verkfall samkvæmt auglýsingunni né hvaða störfum þeir gegna.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á að störf þessi falli undir nauðsynlegustu öryggisþjónustu, sbr. 3. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ber því að fella tilgreininguna út af skrá samkvæmt auglýsingunni enda verður ekki á tómlætissjónarmið stefnda fallist.

Umdæmi IV.

Varðstjóri talsímaafgreiðslu á Egilsstöðum (FÍS) Starfsmenn strandarstöðvar í Neskaupstað (FÍS).

Stefndi hefur fallist á að fella starfsheiti þessi af auglýstri skrá. Þegar af þeirri ástæðu verður krafan tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Af skrá samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 skal fella niður eftirfarandi:

Tilraunastöð HÍ að Keldum.	
Framl. og dreifing lyfja.	Rannsóknarmaður (1).
Flugstöð Leifs Eiríkssonar.	Öryggisverðir.
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	
Barnaheimili.	Fóstra.
Skóladagheimili.	Fóstra/starfsmaður.
Póst- og símamálastofnun.	
Fjarskiptasvið.	Starfsmenn mælistofu Landssímans.
	Símaverkstjóri ljósleiðaradeildar.
Umsýslusvið.	
Umdæmi I.	Starfsmenn radíóflugþjónustu og strandstöðvar í Gufunesi.
Umdæmi IV.	Varðstjóri talsímaafgreiðslu á Egilsstöðum.
	Starfsmenn strandarstöðvar í Neskaupstað.

Tilgreining á skrá samkvæmt auglýsingu nr. 27/1992 varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verður svo:

Fæðinga- og kvensj.deild.	2 sjúkraliðar á morgunvakt en 1 á kvöld og næturvakt.
Handl.- og bæklunard.	3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.
Lyflækningadeild.	3 sjúkraliðar á morgunvakt, 2 á kvöldvakt og 1 á næturvakt.

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, BSRB, kr. 100.000 í málskostnað.